



Hreppsnefnd 10. janúar 2002

Fundargerð hreppsnefndar 10. jan. 2002

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhepps fimmtudaginn 10. janúar 2002 kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Inga María Ingadóttir, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, oddviti, Alexander Árnason, og Sigurveig Róbertsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar og óskaði þeim góðs nýs árs. Síðan var gengið til auglýstrar dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhepps frá 18. des. sl. Spurt var hvernig málin stæðu í sambandi við 1. mál fundargerðarinnar.

Upplýsti sveitarstjóri að á næstunni yrði gengið frá ráðningu starfsmanns vegna atvinnumála og meðal annars til eftrifylgni verkefnisins "Vopnfirðingar virkja" um væri að ræða tímabundna ráðningu.

Síðan var fundargerðin samþykkt.

2. mál. Fundargerð húsnefndar Miklagarðs frá 19. des. sl.

1. tl. fundargerðarinnar var vísað til afgreiðslu fjárhagsáætlunar

3. mál. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhepps, Hafnarsjóðs Vopnafjarðar og félagslegra íbúða Vopnafjarðarhepps fyrir árið 2002. –Fyrri umræða–,

a) Sveitarstjóri skýrði helstu tölur í fyrirliggjandi drögum að fjárhagsáætlunum.

Í frumvarpi að fjárhagsáætlun hreppsins kemur fram að skatttekjur sveitarfélagsins eru alls 183.917 þús. kr., auk þess eru rekstrartekjur 85.642 þús. kr., vextir af skatttekjum og langtímakröfum eru 3.411 þús. kr. Framlög til fjárfestinga og seldar eignir eru 12.500 þús. kr. Heildartekjur sveitarfélagsins eru því áætlaðar 285.470 þús. kr.

Tekjunum er ráðstafað þannig að 232.837 þús. kr. ganga til reksturs hinna mismunandi rekstrareininga sveitarfélagsins. Til afborgana langtímalána, vaxta af skammtíma -og langtíma skuldum ganga 42.540 þús.kr., þar af eru 26.550 þús kr. vegna afborgana og 13.520 vegna vaxta. Til gjaldfærðrar og eignfærðrar fjárfestingar ganga 29.500 þús.kr. Heildarútgjöld eru því samkvæmt þessu 304.877 þús. kr., sem er 19.407 þús. kr. umfram heildar tekjur sveitarfélagsins. Til þess að mæta þessum mismun eru tekin ný lán. Nýjar lántökur eru þó lægri fjárhæð, en áætlun um niðurgreiðslu lána gerir ráð fyrir.

Rekstrargjöld nettó eru um 80 % af skatttekjum eða alls 147.195 þús. kr. og rennur lang stærstur hluti þeirra til fræðslu -og uppeldismála eða um 49,4 %.

Helstu verkefni sem ráðist verður í á árinu eru áframhaldandi vinna við útrásakerfi bæjarins, endurbygging Kaupvangs, vinna við aðalskipulag sveitarfélagsins, jarðhitaleit, lagfæring sorpurðunarsvæðis, ásamt áframhaldandi vinnu við nýbyggingu gangstétta og fleiri smærri verkefni. Í áætlun hafnarsjóðs er og ráðgert að ljúka við dýpkun innsiglingar og leggja raflagnir og steypa þeku á nýja viðlegu hafnarinnar. Kostnaður við þessar framkvæmdir á árinu 2002 er áætlaður 92.689 þús. kr.

4. mál. Hagstofa Íslands mannfjöldi á Íslandi 1. des. 2001, þar kemur fram að Vopnfirðingar eru 744

en voru 757 1. des. 2000.

Lagt fram til kynningar.

5. mál. Reglur um ráðstöfun 700 m.kr. aukaframlags til Jöfnunarsjóðs og endanleg skipting þeirra. Framlag til Vopnafjarðarhrepps eru alls 14,9 m. kr., þar af eru 11.6 m. kr., vegna fólksfækkunnar og 3,3 m. kr. vegna þjónustuframlaga.

Lagt fram til kynningar.

6. mál. Bréf íbúðalánasjóðs frá 13. des. sl., varðandi úthlutun viðbótarlána á árinu 2002, en þar kemur fram heimild til veitingar viðbótar lána úr Íbúðalánasjóði á Vopnafirði árið 2002 hefur verið samþykkt af stjórn sjóðsins að fjárhæð 5.250 þús. kr. Úthlutunin er gerð í framhaldi af umsókn Vopnafjarðarhrepps, varðandi þetta efni.

7. mál. Samningur um uppkaup á nótaréttindum tilheyrandi Hámundarstöðum, Vopnafirði, dags. 28. des. sl., en samþykkt var í hreppsnefnd á síðasta ári að selja þessi réttindi.

8. mál. Áhugamenn um þorskeldi í Vopnafirði, tvö bréf þar sem annars vegar er óskað eftir svæði fyrir tilraun á þorskeldi og hins vegar stuðningi við stofnun hlutafélags. Hreppsnefnd lýsir yfir stuðningi sínum við verkefnið og lýsir ánægju sinni með tilraun þessa.

Erindinu ennfremur vísað til hafnarnefndar.

Jafnframt var samþykkt að Vopnafjarðarhreppur gerðist hluthafi í væntanlegu hlutafélagi er stofnað verður um tilraunina.

9. mál. AFL starfsgreinafélag, bréf dag. 17. des. sl. heilsuáttak. Hreppsnefnd tekur jákvætt í erindið og var sveitarstjóra falið að vinna í málinu og útfæra það í samvinnu við Afl starfsgreinafélag.

Einnig kom fram fyrirspurn um nýtingu þjálfunaraðstöðunnar í Sundabúð, sem nýtt hefur verið í tengslum við sjúkrapjálfun.

10. mál. Bréf fráveitunefndar, frá 20. nóv. sl., varðandi styrk til fráveituframkvæmda á Vopnafirði. Vopnafjarðarhreppur hefur sótt um styrk til framkvæmdanna. Unnið hefur verið að framkvæmdum þessum á síðasta ári og ráðgert að halda áfram á þessu.

11. mál. Bréf Skiphólma ehf. dags. 17. des. sl., til stjórnar Tanga hf, varðandi hlutafárkaup. Fram kom að Byggðastofnun hefur ekki enn svarað erindi Skiphólma ehf., frá 4. nóv. sl., varðandi fyrirgreiðslu vegna umræddra hlutabréfakaupa.

Hreppsnefnd var einhuga um mikilvægi þess að frá kaupum þessum yrði gengið í samræmi við fyrirbyggjandi hugmyndir þar um.

Fleira ekki tekið fyrir og sleit oddviti fundi og þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu.